

Á flóttu undan samfélaginu

Björn Snorrason (f. 15.07.1836 - d. 27.01.1907)

Förumaður úr Svarfaðardal



Björn Snorrason var fæddur á Tungufelli í Svarfaðardal þann 15. júlí 1836. Foreldrar hans voru Guðríður Benediktsdóttir (1800-1872) og Snorri Flóventsson (1798-1842), bændur á Böggvisstöðum II frá 1831 til ársins 1848. Hjónin komu sér upp allgóðu búi á hálfrendu Böggvistaða II og þegar þau tíunduðu mest var bústofn þeirra þrjár kýr, eitt naut og um 60 fjár, sem þótti á þessum árum jafnast á við stórbú. Jafnhliða búskapnum stundaði Snorri sjóinn og var talinn afar aflasæll skipstjóri. Í bókinni *Svarfdælingar* er Snorri talin hafa verið hið mesta þrúðmenni en heldur dulur í skapi. Til eru nokkrar þjóðsagnakenndar sagnir um Snorra, m.a. að hann hafi dvalið með álfum á barnsaldri í þrjá sólarhringa. Fleiri sögur eru til af Snorra en sú þekktasta sem varð í kringum hvarf Snorra.

Snorri var skipstjóri á hákarlaskipinu *Svarfdælingur* sem fórst í óveðri þann 25. júní 1842, þar sem Snorri ásamt tíu öðrum áhafnarmedlimum úr Svarfaðardal hurfu í hafið og fundust


aldrei. Lengi vel voru sögur á kreiki að Snorri og áhöfn hans hefðu verið tekinn gíslingu af Hollenskri duggu og verið þar haldið nauðugri í sjómennsku. Aðrar sögur sögðu að áhafnameðlimir hafi sést bregða fyrir á öðrum heimahöfnum með erlendum skipum. Þetta mál fór í umfangsmikla rannsókn af hvatningu Guðríðar eiginkonu Snorra, sem skilaði þó engum árangri.

Árið 1848 fluttist Guðríður úr Svarfaðardal með börnin þeirra sjö eftir erfið ár vegna fráfalls bónda síns. Fjölskyldan flutti á Ytra-Krossanes í Lögmannshlíðarsókn sem var tvíbýli og stóð Guðríður fyrir öðru búinu. Í barnahópnum var Björn, sem hér verður framvegis fjallað um. Hann var fimmti í systkinaröðinni og þótti alla tíð vera einrænn og dulur í skapi, ekki ósvipaður föður sínum. Björn var einungis sex ára þegar faðir hans lést og er vel hægt að ímynda sér að föðurmissirinn hafi sett mark á sálarlíf hans. Enn líklegra er að Björn hafi borið harm sinn í hljóði og einangrast enn frekar í sínum þunga þankagangi. Björn þótti ekki virkur í búverkum, var talinn latur og sérhlifin og undir verndarvæng móður sinnar vegna þessa. Hann kaus fremur að halda sér til hlés og flýja inn í heim bókmenntanna þar sem hann unni sér best. Við fermingu þótti hann sérlega vel lesin, eins og sjá má í prestþjónustubók Glæsibæjar-prestakalls 1851, skrifað af séra Daníel Halldórssyni þar sem Björn “er talinn kunna, skilja og lesa dável, hegða sér ágætlega og hafa lært allt kverið”.

Þegar Björn fór að eldast og lífið fór að leggja fyrir hann krefjandi þrautir, fór að brjótast fram önnur hlið af honum sem þótti afar mislynd. Margar tilgátur voru um hvað hafi orðið til þess að Björn hafi byrjað tapa sinni andlegu heilsu. Fyrir utan sífelld áföll, er líklegt að síðustu stoðir Björns hafi endanlega fallið eftir móðurmissinn árið 1872 þegar Guðríður deyr. Guðríður virðist hafa verið sú eina sem unni og skildi Björn hvað mest, ólíkt öllum öðrum. Milt er móður hjarta” eins og segir í máltækinu. Upp frá þessu var líkt og Björn hafi sokkið enn dýpra í sitt innra andlega svarthol. Hann átti það til að taka brjálæðisköst, tala hástöfum út í loftið og ganga berserksgang. Björn var talin ákaflega hjátrúarfullur, trúði á galdra, drauga og álfa. Björn hélst illa í vinnu á bæjum, flakkaði milli

sveita og fóru bændur að forðast að fá hann til sín í vinnu til lengri tíma, sérstaklega vegna skapgerðar hans. Árið 1874 var Björn úrskurðaður í sinn uppvaxtarhrepp, Svarfaðardalshrepp, sem skylt var að framfæra hann. Upp frá því fór Björn á flakk um dalinn og fékk að dvelja lauslega á flestum bæjum, þó kaus hann helst að dvelja í hlöðum og í hey tóftum. Björn þótti tröllvaxinn maður, hár, gildur og kröftugur. Andlit hans var stórskorið og rödd hans rámm og djúp, hann var ávallt vel klæddur í marglaga og margbættar flíkum með skikkju og hatt sem hann bar allar stundir.

Þrátt fyrir að Björn hafi verið andlega veikur og tæpur í skapi, þá náði hann alla tíð að halda í sína bóklegu hlið. Hann las mikið og þótti ágætur hagarðingur. Á Héraðsskjalasafn Svarfdæla eru varðveittar nokkrar lausavísur eftir Björn sem hann orti um sveitunga sína. Hann fékk gjarnan bækur að gjöf og hafði þær alltaf á sér. Ef vel lá á Birni og komið var vel fram við hann, þótti hann góður sögumaður og skemmtilegur í tilsvörum. Björn átti sína góðu daga og sína björtu hliðar og þótti sem dæmi afar barngóður. Á hann að hafa sagt eitt sinn "já ungarnir mínir, þetta er hann góði Björn sem er bara stundum vondur!".



Lausavísur eftir Björn skrifaðar upp af Sr. Stefáni Snævarr. Varðveitt á Héraðsskj.Svarf.

Björn gat þó ekki flúið sitt andlega myrkur að fullu og hafði hún mikil áhrif á hann og líf hans framvegis. Þó að bræðisköst hans hafi aðallega bitnað á dauðum hlutum, þá varð eitt slíkt kast til þess að úr varð heilmikið dómsmál í Svarfaðardal sem greint verður frá hér um í stuttu máli. Á seinustu árum 19. aldar dvaldi Björn um nokkurt skeið á Ytra-Hvarfi í Svarfaðardal hjá þeim Jóhanni Jónssyni og Sólveigu Jónsdóttur. Kvöld eitt þann 2. desember 1897 gerðist sá atburður að Björn réðist að Sólveigu húsfreyju með hníf. Kemur hér tilvitnun í lögreglurannsókn sem fór fram á Ytra-Hvarfi og síðar Akureyri.

Prófdómarinn lætur þess getið að hann seint að kveldi þess 7.þ.m. hafi fengið svolátandi bréf frá hreppstjóranum í Svarfaðardal: Svo er mál með vexti, að Björn nokkur Snorrason, niðursetja á Ytra-Hvarfi, var staddur inni í baðstofunni, að kvöldi þess 2. desember, hljóp hann þá upp, sem óður væri, án þess að nokkur ástæða væri til og réðist á húsmóður sína Sólveigu Jónsdóttur með beittan rakstrarhníf í hendinni og beitti henni 3 áverka-skurði yfir þveran

hálsinn og tvo skurði á annari hendi, inn í bein; virðist það hafa verið fullkomin úsetningur hans að veita henni bana, enda munaði minnstu að það yrði. Síðan vék hann sér að vinnumanninum Jóni Jónssyni sem ætlaði að koma henni til hjálpar og veitti honum all mikinn áverka á kinnina með hnífnum. Að svo búnu braut hann baðstofu hurðina og þaut á burtu með hnífinn og veit ég nú sem stendur enginn hvað af honum er orðið. Því ekki var hægt að veita honum eftirför af því dimmt var orðið, enda húsbóndinn ekki heima. Nú álít ég það skyldu mína að tilkynna yður þetta, herra sýslumaður, og spurja yður ráða hvað gjöra skal við mann þennan, ef hann yrði handsamaður hér í sveitinni. Þess ber að geta að hann fyrr meir, var vanur að flakka um allar sveitir og finduð þér, ef til vill ástæðu til að skrifa fyrir þennan hættulega mann, sem allt eins getur komið fram inn í Akraness- eða skriðuhreppi eins og hér, því hann er vel kunnugur í báðum þeim sveitum.

Virðingarfyllst. H. Hallgrímsson

Í framhaldi var tekin ítarleg skýrsla frá Sólveigu, sem þá var rúmliggjandi eftir áðurnefnda áverka. Segir hún að áður en Björn réðst að henni hafi hann hrópað "Þetta hef ég af eitrunu sem þú hefur gefið mér í matnum síðan í sumar". Um sálarástand Björns segir Sólveig að "hann sé venjulega eins og fólk er flest, en það detti oft köst í hann, eins og eitthvert æði opnist úr einhverri hugsun hans og hlær oft og bölvur og hefur hryllilegt orðbragð og þetta detti eins í hann þó enginn sé hjá honum og þegar hann er innan um annað fólk". Sólveig segir í framhaldi að hún telji ekki að þessi árás hafi verið í hefndarskyni því hún taldi að hann þykja vænt um sig, fremur að einhver "ill hugsun hafi dottið í hann þá í svipinn".

Ef VI, 8
 H. í lög. og. og. 11/12-97
 Melum 3 Desember 1897

Þú er mial með vaxti, að Björn, nokkur Snorra son, niðursæta á Ytra-Hvarfi, var staddur þar inni í baðstofunni, að kvöldi þess 2. Desember; hljóp hann þá upp, sem áður var, á þess að nokkur ástæða ári til og virðist á hurmóður sína Sólveigu fjöfíft með bittan raktra-hníf í höndinni og veitti henni 3. áverka. Skurð yfir þessum hálsinn og tvo skurði á annari hendi, inn í bein; virtist það hafa verið fullkomin úsetningur hans, að veita henni bana, enda munaði minnstu að það yrði. Síðan vék hann sér að vinnumanninum Jóni Jónssyni, sem allt eins getur komið til þess og veitti honum almiklum áverka á kinnina, með

hnífnum. Að svo búnu braut hann baðstofu hurðina og þaut á burtu með hnífinn og veit nú, sem stendur, enginn hvað af honum er orðið. Því ekki var hægt að veita honum eftirför af því dimmt var orðið, enda var húsbóndinn ekki heima.

Nú álít ég það skyldu mína að tilkynna yður þetta, herra sýslumaður, og spurja yður ráða hvað gjöra skal við mann þennan, ef hann yrði handsamaður hér í sveitinni. Þess ber að geta að hann fyrr meir, var vanur að flakka um allar sveitir og finduð þér, ef til vill ástæðu til að skrifa fyrir þennan hættulega vandratsmann, sem allt eins getur komið fram inn í Akraness- eða skriðuhreppi eins og hér, því hann er vel kunnugur í báðum þeim sveitum.

Virðingarfyllst.
 H. Hallgrímsson

Til Sýslumannsins í Eyjafirði

Afrit af bréfi Halldórs Hallgrímssonar til Sýslumannsins í Eyjafirði 1897. Varðveitt á Héraðsskj.Svarf.

Eftir árásina flúði Björn frá Ytra-Hvarfi og hafðist við í hlöðunni á Sökku í tvær nætur, en snéri svo aftur í Ytra-Hvarf til að biðja Jóhann og Sólveigu fyrirgefningar. Björn var svo færður til hreppstjórans á Melum í Svarfaðardal, Halldórs Hallgrímssonar, sem síðar flutti hann til yfirheyrslu að þinghúsinu Grund í Svarfaðardal. Þar reyndi Björn að brjótast úr þinghúsinu og flýja og þurfti að beita hann valdi til að halda honum inni sem var ekki auðvelt verk þar sem Björn var stór og kraftmikill.


Eftir að hafa hótað öllum illu fór Björn að róast og var í lokin hægt að yfirheyra hann. Björn sagðist kannast við að hafa ráðist að Sólveigu en að hann hafi verið í óráði og verið taugaveiklaður um langan tíma áður en þetta gerist. Fram kemur að oftast nær tali Björn af skynsemi, en einstaka sinnum bregði fyrir vitleysu. Jafnframt vildi Björn fara aftur í vist á Ytra-Hvarf og "vilji vera hægur og góður framvegis ef þau vilja fyrirgefa honum". Sýslumanni þótti vera ljóst að Björn væri sekur í þessu máli og var Björn dæmdur til vistar í rúma tvo mánuði í fanga húsinu á Akureyri. Eftir það var hann sendur heim í Svarfaðardal á ný en átti erfitt með að fóta sig í sveitinni framvegis. Ólíklega fékk hann aftur vist að Ytra-Hvarfi og raunar er ekki vitað með vissu hvar nákvæmlega Björn dvaldi þau ár sem hann átti eftir ólifað. Björn var að mestu á flækingsi og þótti síst þjálli eftir fangelsisvistina og hræddust og forðuðust sveitungar hans hann.

N.1.
 Brant. i aukamytti. Eyjafjarðarsýslu 24/2-98
 Klemens Jónsson
 sýslumátt. i Eyjafjarðarsýslu
 Þótorfsgötu í Akureyri.
 Kunningsgjafi: að með því að Norðar-ambit
 hefur þyngst skilgjaf að hefða mátt gegn í
 veltisvinnu, nafni gegn Birni Snorra-
 sýni mí til veru í fangabúðunni í
 Akureyri þyngst of helð og líkum tegar
 meidungar. Þú stefnist hjá mér með nafni þess
 Birni Snorra sýni til þess að mátt
 þyngst aukamytti Eyjafjarðarsýslu, sem
 haldin verður í skrifstofunni laugar-
 daginn þann 26. þ. m. kl 11. þ. h., til
 þess þess og þú að hlýða á þess, sjá
 skjal í velt lágt, til verka, að svann
 og dái að þess til hegnungar og mátt
 Norðar-ambit þyngst nafni nafni af þess.
 Þú stefnist er nafni mitt og ev-
 liltisvinnu sigt.
 Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu þ. 24. febr. 1898

Afrit af bréfi Klemens Jónssyni sýslumanni Eyjafjarðarsýslu varðandi handtöku Birnis 1898.

Halldór hreppstjóri á Melum tók Björn um tíma inn á sitt heimili en það gekk illa vegna ágreinings á milli Björns og sonar Halldórs, Hallgríms. Árið 1906 varð áður nefndur ágreiningur til þess að Björn á að hafa rokið út frá Melum í einu æðiskastinu og endað á Tungufelli, næsta bæ við Mela. Á Tungufelli fékk Björn að vera í fjóshlöðunni hjá þeim Þorvaldi Baldurssyni og Sigríði Sigurðardóttur. Þar virðist Birni hafa liðið vel og fékk hann að dvelja þar áfram og segir í heimildum að hann hafi ávallt verið ljúfur og góður á meðan hann átti athvarf þar. Birni var sérstaklega vel við húsfreyjuna Sigríði þar sem hún reyndist honum afar vel. Björn lést ári eftir að hann kom í Tungufell, en deginum áður en hann lést það hann Sigríði að koma með börnin á heimilinu til sín í hlöðuna svo

hann gæti heyrt raddir þeirra. Börnin töluðu við Björn og hann kvaddi þau mjög innilega. Nokkrum klukkustundum áður en Björn lést bað hann Sigríði að biðja fyrir sér, því að hann kvaðst hafa öðru að sinna og gat því ekki beðið sjálfur, svo mikið þjáðist hann. Björn lést í fjós hlöðunni á Tungufelli 27. janúar 1907, 71 árs að aldri og er banamein hans talin “elliburðir”. Björns var jarðsönginn að Urðum þann 5. febrúar 1907, Séra Kristján Eldjárn á Tjörn jarðsöng og þykir því viðeigandi að enda þessa grein á orðum hans.



Alstaðar er ferðamaðurinn einmana. það er algengt og álíka vel við að líkja lífi manna og æviferli við ferðalag, því að eins og ferðamaðurinn á meðan á ferð hans stendur, ekki á sér varanlegan samastað heldur hlýtur ávallt að halda áfram hvíldarlaust að settu marki. Þannig líður líf manna viðstöðulaust frá vöggun til grafar [...]. Lífsleiði sumar virðist liggja tiltölulega slétt og greiðfær, við þeim blasir fagur útsýni og þeir halda einatt um fagra völlu og grónar grundir [...] En honum er það hlutfallt hittir að leggja jafnan leið sína viljandi eða óviljandi um ófærur, auðnir og illleiði. Því þannig ræðst þetta æviferðalag fyrir sumum, vegur þeirra virðist sem ógeðsleg eyðimörk, vaxin illgresi, þyrnum og þyrslum, köld og eyðileg, grýtt og illsótt yfirferðar og slíka ömurlegu slóð verða fáir til að velja sem annars eiga kosti og afleiðingin verður í að þessi lukkunnar olnbogabörn, hljóta einatt að ráfa einmana og fylgdarlaus, ósýnilega leið alla ævina út, finnandi enga hvíld fyrir en gröfin loks tekur þau í sinn friðsæla faðm. Einn af þeim mönnum sem að má segja að honum fylgdi fágætt hamingjuleysi alla ævina út, enda vildu fáir verða

honum samferða og hjá honum átti líka heima það er kveðið var um annan mann að honum var einatt í urð hrundið út úr götu, því hann batt ekki bagga sína með sömu hnúta og samferðamenn hans. Svo ráfaði hann tíðast einmana og vinafár alla sína löngu lífsleið eins og hornungi og útlagi frá vöggunni til grafar [...] Hann var vinalaus og vanhirtur, illa þeginn og óstuddur á honum sannaðist í fullum máli orðtak það er vér höfum að upphafi “Alsstaðar er ferðamaðurinn einmana”. Við vitum ekki inn í hugskot nokkurs manns, því enginn skilur hjartað, en ekki virðist það ólíklegt að þá er einstæðingur þessi fór einförum eða lá einn í náttmyrkrinu fjarri öðrum mönnum að hugur hans hafi þá einatt snúist að því að hugleiða sitt fánýta, kalda og tómlega líf og hann hafi á stundum snúið hjarta sínu til drottins, því hann var ekki illa upplýstur í guðsorði og víst er það að hann leitaði hælis hjá himna föðurnum með heitum bænum og andvörðunum þá er hann fann að dauðinn sótti að honum á hendur og enga mannlega hjálp var að fá er bót mætti vinna í hans böli. Vér höfum því fullan rétt til þess að vænta þess að hinn almiskunnsami faðir hafi heyrt andvörp þessa síns villuráfandi barns og veitt honum þar vistarveru sem honum líður nú margfalt betur, heldur en á meðan hann ráfaði hér um öræfi lífsins og eyðihjarn.”

Þar með lauk ævi Björns Snorrasonar, sem mætti segja að hafi alla sína ævi verið á flóttu undan samfélaginu eða samfélagið á flóttu undan honum.

Gögn sem notuð voru og eru í varðvörslu hjá Héraðsskjalasafni Svarfdæla. Björk Eldjárn Kristjánsdóttir skjalavörður tók saman:

- *Afrit af Dóma og þingbók Eyjafjarðarsýslu (1980-37-1) frumrit varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.*
- *Samantekt um líf Björns eftir Sr. Stefán Snævarr (2002-28-3)*
- *Útfararæða Björns Snorrasonar eftir Sr. Kristján Eldjárn (1981-265-1)*
- *Blaðagrein um Björn sem birtist í 10. tlb Norðurslóðar 1981 eftir Óskar Halldórsson - Greinin er byggð á lokaritgerð Óskars sem hann skrifaði í Menntaskólanum á Akureyri 1980 og ber heitið "Af Birni Snorrasyni". Ritgerðin er varðveitt á héraðsskjalasafninu (1981-4-1)*
- *Svarfdælingar (1978). Stefán Aðalsteinsson: 2. bindi bls. 317.*